

Nr. 6/1962. **Fimmtudaginn 13. september 1962.**
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins
Bylgjunnar

(Árni Stefánsson hrl.)

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h.
Útvegsmannafélags Ísfirðinga

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Varadómarar Benedikt Sigurjóns-
son, Sigtryggur Klemenzson,
Eyjólfur Jónsson og Guðmund-
ur Vignir Jósefsson í stað Gunn-
laugs E. Briem, Ísleifs Árnason-
ar, Einars B. Guðmundssonar og
Ragnars Ólafssonar.

Uppsögn á kjarasamningi eigi dæmd gild, þar sem honum
 hafði aðeins verið sagt upp að hluta.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags.
 28. f. m., af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands
 f. h. Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísa-
 firði gegn Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Út-
 vegsmannafélags Ísfirðinga. Eru dómkröfur stefnanda
 þær, að dæmt verði, að uppsögn Útvegsmannafélags Ísfirð-
 inga, dags. 31. okt. 1961, á kjarasamningi 1. janúar 1959
 við Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjuna, sé ógild, og
 að stefnda verði dæmt að greiða stefnanda málskostnað
 eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og
 málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. janúar 1959 gekk í gildi milli Skipstjóra- og
 stýrimannafélagsins Bylgjunnar á Ísafirði og Útvegs-
 mannafélags Ísfirðinga samningur um kjör skipstjóra og
 stýrimanna. Samningur þessi er í 18 greinum, en án kafla-
 skiptingar. Fjalla 1. og 2. gr. hans um síldveiðar með

herpinót, 3. gr. um sildveiðar með hringnót, en 4. gr. um sildveiðar með reknetjum. Í 5. gr. eru ákvæði um veiðar með dragnót, 6. gr. kveður á um fiskveiðar með botnvörpu, 7. gr. er um fiskveiðar með línu og þorskanetjum, en 8. gr. um fiskveiðar með handfærum. Með ákvæðum 14. gr. sammings þessa er samið um kjör í flutningum innanlands, en aðrar greinar hans fjalla um ýmis önnur ákvæði, sem sum eiga við allar þær veiðar, er upp hafa verið taldar. Samkvæmt ákvæðum 18. gr. mátti segja samningi þessum upp með mánaðar fyrirvara miðað við áramót, en væri honum eigi sagt upp framlengdist hann um eitt ár með sama uppsagnarfresti. Samningur þessi framlengdist óbreyttur árin 1960 og 1961 en hinn 31. október s. á. ritar Útvegsmannafélag Ísfirðinga Bylgjunninn svo hljóðandi uppsagnarbréf:

„Á aðalfundi félags okkar, sem haldinn var 29. okt. s.l. var stjórninni falið að segja upp gildandi kaup- og kjarasamningum á sildveiðum.

Með tilliti til þessa leyfum við okkur hér með að segja upp gildandi kaup- og kjarasamningi skipstjóra og stýrimanna hvað snertir sildveiðar. Þetta tilkynnist yður hér með.“

Þessu uppsagnarbréfi svaraði Bylgjan 10. janúar 1962 með svohljóðandi bréfi:

„Samkvæmt bréfi yðar, dags. 31/10. 1961, tilkynnið þér okkur, að þér segið upp kaup- og kjarasamningum á sildveiðum. Þar sem um heildarsamninga er að ræða á milli þessara aðilja, þá teljum við, að með því að segja upp einhverjum liðum sammingsins þá sé samningurinn úr gildi fallinn.

Á þeim forsendum teljum við að engir samningar séu í gildi og því enginn grundvöllur um framhaldandi starf félaga okkar á bátunum.

Óskum því nú þegar eftir viðræðum um samninga. Svar óskast strax.“

Þegar dráttur varð á svari frá útvegsmannafélaginu ritaði Bylgjan annað bréf dags. 4. febrúar s. á. Segir þar m. a. svo:

„Með tilvísun til bréfs yðar dags. 30. (svo) okt. 1961 í hverju þér segið upp kaup- og kjarasamningum á sildveiðum, viljum vér minna á bréf vort dags. 10. janúar 1962, þar sem vér óskum viðræðna við yður á þeim grundvelli að allur samningurinn sé úr gildi fallinn.

Í framhaldi af þessum skilningi vorum á greindum samningum, lögðum vér mál þetta fyrir lögfræðing F. F. S.Í. til umsagnar. Telur hann, að ef þér haldið fast við uppsögn sildarkjara eingöngu, en ekki aðra liði samningsins, þá sé sú uppsögn yðar ógild.

Væri meining yðar hins vegar uppsögn heildarkjara-samninga í því skyni að breyta einhverjum lið samninganna, hefði því verið brýn nauðsyn samningsviðræðna fyrir alllöngu síðan.

Nú er það krafa vor, að viðræður hefjist fyrir 11. febrúar n.k., en að öðrum kosti munum vér leita til félagsfundar um heimild til vinnustöðvunar. . . .“

Þessum bréfum svarar Útvegsmannafélag Ísfirðinga 26. febrúar s. á. og segir m. a. svo í svari þess:

„Út af skilningi yðar að ekki sé hægt að segja upp einstökum liðum samnings okkar í milli nema allur samningurinn sé úr gildi fallinn erum við á annarri skoðun“

Kveðst félagið hafa leitað umsagnar lögfræðings um þetta atriði, en ekki enn fengið svar, en jafnskjótt og það sé komið muni málið verða rætt við Bylgjuna. Eндar bréf þetta svo:

„Varðandi þann lið samnings okkar, sem Ú. Í. sagði upp, sildveiðisamningnum, er það að segja, að við höfum verið að fylgjast með framvindu þeirra samninga-umleitana, sem fram fara hjá heildarsamtökunum og erum við að vona að fá upplýsingar þar um innan-skamms. Við munum þá senda yður breytingartillögur okkar við sildveiðisamning þann sem við sögðum upp með bréfi okkar 31. okt. f. á.“

Eigi er fram komið í málinu, að óvissa sú, sem á þess-

um tíma virðist hafa verið um það, hvernig háttað væri uppsögn á kjarasamningi aðilja, hafi haft nein áhrif á vetrarvertíðina. Virðist hún hafa hafizt með venjulegum hætti og reikningsskil farið fram samkvæmt kjarasamningnum frá 1. jan. 1959. Ekki verður heldur séð, að neinar viðræður hafi átt sér stað með málsaðiljum eftir 26. febrúar þ. á., er Bylgjan fékk bréf útvegsmannafélagsins, og enn virðist það vera á reiki, er síldveiðivertíðin hefst, hvaða kjör skuli gilda, því samkvæmt endurríti úr skipshafnarskrám ísfirzkra báta, sem lagt hefur verið fram í málinu, eru skipstjórar og stýrimenn bátanna ýmist skráðir „samkvæmt samn. stéttarfél. þeim, er síðast giltu“, „samkv. gildandi samningi“, eða „samkv. væntanlegum samningum eða úrskurði gerðardóms“. Standa kjaramálin í þessari óvissu, þar til Landssamband íslenzkra útvegsmanna ritar 4. ágúst s.l. gerðardómi þeim, sem skipaður var samkv. lögum nr. 84/1962 til að ákveða síldveiðikjör sumarið 1962.

Segir svo í bréfi þessu m. a.:

„Með bréfi Útvegsmannafélags Ísfirðinga, dags. 31. okt. 1961, til skipstjóra- og stýrimannafélagsins Bylgjan, Ísafirði, sögðu útvegsmenn upp samningi um kaup og kjör skipstjóra og stýrimanna á síldveiðum, sem gerður var milli félaganna 1. jan. 1959.

Kröfur útvegsmanna voru þær, að laun skipstjóra miðuðust við 2 hásetahluti og stýrimanna við $\frac{1}{2}$ hásetahlut.

Þar sem enn hefir ekkert samkomulag náðst í deilu þessari, leyfum vér oss hér með, með hliðsjón af ákvæðum brbl. frá 24. júní 1962, að fara þess á leit við yður, að kjör ofangreindra aðila á sumarsíldveiðum 1962 verði tekin til úrskurðar af gerðardóminum.“

Gerðardómurinn gaf 14. ágúst s.l. skipstjóra og stýrimannafélaginu Bylgjunni kost á að láta í té umsögn um beiðni Landssambands íslenzkra útvegsmanna. Svaraði stjórn Bylgjunnar þeim tilmælum með bréfi dags. 17. ágúst s.l., sem bæði var sent L. Í. Ú. og gerðardóminum. Er því eindregið haldið fram í bréfi þessu, að óheimilt hafi verið að segja upp einstökum liðum samningsins frá

1. jan. 1959. Beri því eigi að taka uppsögnina 31. október 1961 til greina og sé samningurinn þannig enn í fullu gildi og skylt að fara eftir honum við reikningsskil að lokinni sildveiðivertið í sumar. Jafnframt þessu höfðaði stefnandi mál þetta hér fyrir dómi með þeirri kröfugerð, sem lýst hefur verið.

Dómkröfur sínar byggir stefnandi á þeim rökum eins og fram er komið, að Útvegsmannafélagi Ísfirðinga hafi eigi verið heimilt, að segja samningnum upp að nokkru leyti, eða aðeins þeim ákvæðum hans, er að sildveiðum hafi lotið, enda séu ekki í umræddum samningi nein ákvæði, er heimili slíka uppsögn. Hafi fyrirsvarsmenn félagsins strax látið þá skoðun í ljós munnlega við fyrirsvarsmenn útvegsmannafélagsins, og áréttað það skriflega með bréfinu frá 10. jan. þ. á., en jafnframt gefið kost á því þá, að útvegsmannafélagið fengi samningana að öllu leyti lausn. Útvegsmannafélagið hafi þó ekki valið þá leið, og sé ljóst af viðhorfum þess, að það hafi aðeins viljað segja upp sildveiðikjörunum, en ekki vetrarvertiðarkjörunum. Hins vegar kveður stefnandi, að eigi hafi átt að skoða bréf Bylgjunnar frá 10. jan. þ. á., sem uppsögn af hálfu þess félags, enda hafi uppsagnarfrestir allir verið liðnir þá.

Sýknukrafa stefnda er í fyrsta lagi á því byggð, að honum hafi verið heimilt að segja aðeins upp þeim ákvæðum oftnefnds kjarasamnings, er fjölluðu um sildveiðikjörin, og sé uppsögnin gild þegar af þeirri ástæðu, enda hafi fyrirsvarsmenn Bylgjunnar eigi hreyft mótmælum að því leyti fyrr en með bréfi sínu 10. jan. 1962. Í öðru lagi styður stefndi sýknukröfuna þeim rökum, að Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan hafi berum orðum haldið því fram í síðastnefndu bréfi, að samningurinn væri allur úr gildi fallinn fyrir uppsögn útvegsmannafélagsins. Því hafi ekki verið mótmælt af hálfu þess félags, en ekki skipti máli í því sambandi, þótt eigi væru teknar upp samningaviðræður eða gengið til nýrra samninga.

Eins og framangreindum kjarasamningi málsaðilja frá 1. janúar 1959 var háttað, en honum hefur verið lýst hér

að framan, verður eigi talið, að Útvegsmannafélagi Ísfirðinga hafi, án samþykkis gagnaðiljans, verið heimilt að segja honum upp að hluta, eða einvörðungu að því er varðaði kaup og kjör félagsmanna Bylgjunnar á sildveiðum. Af bréfaskiptum samningsaðilja, sem rakin hafa verið, er ljóst, að forráðamenn Bylgjunnar hafa eigi með þeim samþykkt uppsögn, er næði aðeins til ákvæða samningsins um sildveiðikjörin og slikt samþykki verður eigi talið felast í tómlæti þeirra um skrifleg andmæli á tímabilinu frá 31. október 1961 til 10. janúar 1962. Er því eigi hægt að fallast á þá varnarástæðu stefnda, að uppsögn Útvegsmannafélags Ísfirðinga frá 31. október 1961 sé gild eftir hljóðan sinni.

Skilja verður bréf Bylgjunnar frá 10. janúar þ. á. á þá lund, að það félag gefi gagnaðilja sínum útvegsmannafélaginu kost á því, enda þótt uppsagnarfrestur sé þá liðinn. að kjarasamningurinn frá 1. jan. 1959 sé allur fallinn niður, eins og honum hefði verið sagt upp í heild og kemur þetta viðhorf enn fram í bréfi sama 4. febrúar þ. á. En eigi verður séð, að Útvegsmannafélag Ísfirðinga hafi á þeim tíma aðhyllt það viðhorf Bylgjunnar, því í bréfi sínu 26. febrúar þ. á. tekur félagið eigi afstöðu til þessa, en heldur enn fram þeirri skoðun, að segja hafi mátt samningnum upp eingöngu að því er sildveiðikjörin snertir. Kveðst það munu senda breytingartillögur sínar „við sildveiðisamning þann, sem við sögðum upp með bréfi okkar 31. okt. f. á.“, en vikur ekki orði að því, að það vilji lita svo á, að samningurinn sé allur fallinn úr gildi. Þá benda framangreindar upplýsingar um mismunandi kjör, þegar lögskráð var á ísfirzka báta í upphafi sildarvertíðar í s.l. júnimánuði, ekki til ákveðinnar afstöðu af hálfu útvegsmannafélagsins í þá átt, að samningar væru í heild lausir og benda má á það, að í bréfi Landssambands íslenskra útvegsmanna til gerðardóms um sildveiðikjör, dags. 4. ágúst s.l., er aðeins svo sem að framan greinir, vísað til uppsagnar Útvegsmannafélags Ísfirðinga frá 31. okt. 1961 á samningi um kaup og kjör á sildveiðum.

Í 6. gr. laga nr. 80/1938 er svo mælt, að samningsuppsögn skuli vera skrifleg. Er það ákvæði sett til þess að girða fyrir það, að nokkur óvissa sé um það, hvort kjarasamningi hafi verið sagt upp, enda er hér um svo mikilvæga samninga að ræða, að brýna nauðsyn ber til þess, að fylgt sé föstum og skýrum reglum um uppsagnir á þeim, svo ekki fari á milli mála, hver sé vilji samningsaðilja í þeim efnum.

Að þessu athuguðu og með vísan til atvika málsins verður ekki talið, að Útvegsmannafélag Ísfirðinga hafi í tæka tíð og með þeim hætti, að jafna megi til tvímælalausrar skriflegrar uppsagnar samþykkt það viðhorf forráðamanna Bylgjunnar, sem fólst í bréfum hennar 10. jan. og 4. febr. þ. á., að engir kjarasamningar væru þá í gildi milli málsaðilja. Getur sú röksemd stefnda, sem fyrst kemur fram í greinargerð hans hér fyrir dómi, að skoða beri uppsögnina frá 31. okt. 1961 sem uppsögn á samningnum í heild, eigi komið honum að haldi nú.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að taka dómkröfu stefnanda um ógildi framangreindrar uppsagnar til greina.

Rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Framangreind uppsögn stefnda, Útvegsmannafélags Ísfirðinga, dags. 31. okt. 1961, á kjarasamningi frá 1. jan. 1959 við Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjuna, er ógild.

Málskostnaður fellur niður.